



Mennta- og barnamálaráðuneytið
Borgartúni 33
mrn@mrn.is

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 12. júlí 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtaka menntatæknifyrirtækja um áform um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, mál nr. S-140/2024 (námsmat).

I. Inngangur

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök menntatæknifyrirtækja (IEI), hér eftir „samtökin“, hafa tekið til umsagnar áform um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, mál nr. S-140/2024, sem birt var í samráðsgátt þann 5. júlí 2024. Samtökin fagna því að endurskoðun standi yfir um námsmat enda mikilvægt að það sé einfalt, skilvirkt og útbúið með hagsmuni nemandans í forgrunni. Efnistöð áformanna gera ráð fyrir jákvæðum breytingum er varða söfnun og nýtingu gagna enda eru ákvarðanir og stefnumótun þannig líklegri til árangurs. Lengi hefur verið skortur á samanburðarhæfum gögnum í grunnskólakerfinu sem gera öllum hagsmunaaðilum kleift að bregðast fyrir og betur við einstaklingsbundnum þörfum nemenda. Ætla má að með öflun slíkra gagna geti íslenskt menntakerfi gert viðeigandi ráðstafanir vegna námsárangurs nemenda.

II. Hagnýtanleiki gagna

Söfnun og hagnýting gagna til árangurs er vandmeðfarið ferli og mikilvægt að þróun matsferla ali af sér ekki einungis gnótt heldur einnig gæði gagna. Tilgangur söfnunar gagna þarf að vera skýr. Einnig þarf að vera skýrt hvernig vinna eigi úr gögnunum svo matsferill veiti skólakerfinu þá mikilvægu innsýn sem slíkur ferill hefur burði til að gera. Hagnýta þarf upplýsingar til snemmtækra einstaklingsmiðaðra inngripa í námsferil þeirra nemenda sem matsferillinn mælir. Þá vilja samtökin einnig benda á þau tækifæri sem felast í nýtingu menntatæknilausna til tæknivæddrar rauntímagagnaöflunar í skólasterfi. Nýting rauntímagagnasöfnunar í gegnum menntatæknitól veitir gögn sem eru auðnýtanleg í daglegu starfi. Slík lausn eykur líkur á upplýstri ákvarðanatöku og skapar tíma- og fjármagnssparnað ásamt því að auka traust hagsmunaaðila.

III. Aukin samvinna við menntatæknifyrirtæki skilar árangri

Samtökin vilja minna á að markaðsbrestur vegna einokunar ríkisins á markaði með námsgögn hefur komið í veg fyrir að matskerfi innan menntakerfisins hafi náð að þróast og hámarka skilvirkni. Staðan á markaði hefur hindrað eðlilega þróun og eðlilegan vöxt menntatækni iðnaðar hérlandis þar sem markaðsforsendur menntatæknifyrirtækja eru litlar sem engar. Áhersla á innleiðingu viðeigandi lausna kemur skýrt fram í skýrslu OECD um innleiðingu menntastefnu. Þar er stefnan lofuð en ítrekað bent á að tengja þurfi stefnuna við áþreifanlega árangursmælikvarða til að auðvelda val á aðgerðum og mat á árangri. OECD bendir jafnframt á að hefðbundnar aðferðir við innleiðingu nýrrar stefnu, þ.e. svo kölluð



„skriðuaðferð“, muni duga skammt til að koma á umfangsmiklu umbótum sem felast í menntastefnunni.¹

Ætli stjórnvöld sér að tryggja komandi kynslóðum þá framtíðarfærni sem nú þegar er orðið auðséð að vanti telja samtökin nauðsynlegt að stjórnvöld taki viðeigandi skref í átt að nútímavæðingu námmats og aukinni nýtingu á bestu tækni og vísindum sem völ er á hverju sinni í grunn- og í framhaldsskólum. Viðeigandi gögn eru til en vegna strangra skilyrða persónuverndarlaga og framkvæmdar Persónuverndar í þessum málum hefur ekki verið hægt að fullnýta þau tækifæri sem felast í söfnun þeirra. Taki áform þessi hins vegar tillit til tenginga inn í gagnabanka og auðnýtingar gagna fyrir ríki og sveitarfélög væri hægt að nýta gögnin til framfara.

Í áformunum kemur fram að tillaga starfshóps um könnunarpróf sem skipaður var 2018 er að búa til heildstætt safn matstækja í mörgum námsgreinum sem í grundvallaratriðum hafi sama markmið og samræmd könnunarpróf, þ.e. svokallaðan matsferil. Samtökin benda á að slíkur matsferill er nú þegar innbyggður og ópersónugreinanlegur í öllum menntatæknilausnum. Þannig væri ofaukið að þróa aðra sértæka viðbót. Að mati samtakanna ætti frekar að nýta þær lausnir sem þegar eru til. Jafnframt vilja samtökin benda á að þeir sérfræðingar sem starfa við þróun slíkra lausna eru mjög viljugir til að deila reynslu sem þeir hafa aflað við þróun sinna lausna, íslensku menntakerfi til hagsbóta. Samtökin hvetja því stjórnvöld eindregið til að líta til aukinnar samvinnu á þessu sviði, enda óþarft að hefja þá vinnu frá grunni með tilheyrandi kostnaði.

Dæmi um matsferla eru:

- Evolytes: stærðfræði
- Bara tala: orðaforði – læsi - íslenska
- Beanfee: hvatakerfi
- Mentor: umsjónarkerfi skóla

IV. Lokaorð

Samtökin vilja einnig minna á að þörf fyrir upplýsingalæsi og menntatækni er mikil. Skorað er á að stjórnvöld, ríki og sveitarfélög að mæta þessari þörf, eftir atvikum með samvinnu við einkamarkaðinn, á næstu árum samhliða nýjársfestingum. Jafnframt vilja samtökin benda á að mikil mismunun ríkir milli nemenda hvað varðar aðgengi að tækjabúnaði, kennslu í upplýsingatækni og upplýsingalæsi ásamt möguleikum á að nýta menntatækni. Mikill aðstöðumunur er á milli skóla og sveitarfélaga hvað þetta varðar enda engin skýr stefnumörkun eða viðmið í gildi um nauðsynlega tækja- og tæknieign skóla.

Samtökin leggja áherslu á mikilvægi samráðs meðal fjölbreytts hóps sérfræðinga, innan og utan menntakerfisins í framhaldi af umræddum áformum. Samtökin lýsa sig reiðubúin til að funda vegna málsins og vonast til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

¹ [Menntastefna 2030. Skýrsla OECD um innleiðingu menntastefnu, Stjórnarráð Íslands 2021](#)



Virðingarfyllst,

Hulda B. Kjærnested

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
Verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum SI

J. E. Gísladóttir

J. E. Gísladóttir,
formaður Samtaka menntatæknifyrirtækja